

Ed.

54. Frumvarp til laga

[49. mál]

um félagsmálaskóla alþýðu.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Helgi F. Seljan, Guðmundur H. Garðarsson,
Jón Helgason, Bragi Sigurjónsson, Bragi Nielsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Stofna skal á vegum félagsmálaráðuneytisins skóla, er nefnist Félagsmálaskóli alþýðu. Skólinn skal taka við hlutverki samnefndrar stofnunar, sem starfrækt er á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Hlutverk skólans er að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökum með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttanna.

2. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarféлага, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatrið íslenskrar félagsmálagjöggjafar.

Enn fremur skal kenna almennar fundarreglur, fundarstjórn, undirstöðuatriði bókfærslu, einkum að því er varðar bókhald sjóða og fjárgæslu verkalýðsféлага.

Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðu og riti og gera þá færa um að taka að sér félagsleg leiðbeinenda- og kennslustörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar.

Heimilt er að veita fræðslu um íslenska tungu og bókmenntir og kenna tvö eða fleiri tungumál eftir vali nemenda.

Nánari ákvæði um námsefni skulu sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans og félagsmálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal starfa a. m. k. 6 mánuði að vetrinum á tímabilinu frá 1. október til 15. maí ár hvert.

Kennsla fer fram í námskeiðum, og skal námsefni valið og námsskrá samin í samræmi við þá tilhögun. Kennsla fer fram í fyrirlesturum, umræðu- og starfshópum eða á annan þann hátt, sem best þykir henta.

Námskeið, sem haldin eru á vegum skólans, fara fram í húsakynnum hans eða annars staðar í hinum ýmsu landshlutum, allt eftir því sem þörf krefur og henta þykir.

Ef þurfa þykir, getur skólinn einnig haldið uppi námskeiðum að sumrinu og gilda um þau sömu reglur og aðra starfsemi skólans.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir báttöku í námskeiði, að nemandi hafi lokið þáttöku í öðru nánar tilteknu námskeiði í skólanum.

5. gr.

Stjórn skólans er í höndum þriggja manna skólanefndar, sem félagsmálaráðherra skipar. Ráðherra skipar tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Skólanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn. Hún ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann.

6. gr.

Stefnt skal að því, að þeir, sem lokið hafa námi í Félagsmálaskóla alþýðu, hafi í vissum greinum möguleika til framhaldsnáms í hinu almenna skólakerfi og geti öðlast þau réttindi, sem slíkt nám veitir.

7. gr.

Allur kostnaður við Félagsmálaskóla alþýðu, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss, greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneytið setur sérstakan mann til eftirlits með fjárreiðum og bókhaldi skólans.

8. gr.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um skólahaldið með reglugerð, að fenginni umsögn skólanefndar og skólastjóra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svo til samhljóða því stjórnarfrumvarpi, er lagt var fram í ráðherratið Björns Jónssonar árið 1973, en varð þá eigi útrætt. Frumvörp sama efnis hafa oft áður verið flutt á Alþingi, en Hannibal Valdimarsson mun fyrst hafa hreyft þessu máli á Alþingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði á vegum félagsmálaráðuneytisins Félagsmálaskóli alþýðu. Þegar sýnt var að það drægist úr hömlu að Alþingi samþykkti lög um slíkan skóla, ákvað Menningar- og fræðslusamband alþýðu að stofna Félagsmálaskóla alþýðu. Nú hefur sá skóli starfað í 3 ár, og er ekki nokkur vafi á því að tilvist hans hefur markað heillarík spor í þágu verkalýðshreyfingarinnar. Því er hins vegar ekki að leyna, að fárhagsgrundvöllur skólans hefur verið mjög veikur og hefur það komið í veg fyrir að skólinn næði þeim vexti sem nauðsynlegur er. Því er lagt til í þessu frumvarpi að ríkissjóður kosti rekstur og byggingarframkvæmdir skólans, þ. e. taki við hlutverki samnefndrar stofnunar, sem starfrækt er á vegum MFA.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að sérstökum manni verði falið eftirlit með bókhaldi skólans og fjárreiðum, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Tilgangur þessa frv. er að öllu þinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar og Björns Jónssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félagan hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagsamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálu þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, visitölu, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðstélgögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því viðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaðandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunnir góð skil á öllum helstu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið dregið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til viðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að stjórn skólans verði skipuð tveimur skólanefndarmönnum eftir sameiginlegri tilnefningu MFA og ASÍ og einum án tilnefningar og verði sá formaður skólanefndarinnar.